

Birtist í Morgunblaðinu, 9. desember 1998.

Félagshyggjufólk, lausnarorðið er réttlæti.

Eftir Jón Steinsson

Á undanförunum árum hefur mikið verið rætt um hugmyndafræðilega kreppu á vinstri væng stjórnmalanna. Þetta á rætur sínar að rekja til þess að nú aðhyllast nánast allir einhvers konar markaðsbúskap og hefðbundin baráttumál vinstriflokka um miðstýringu og ríkisforsjá eru orðin óvinsæl á meðal kjósenda. Hér á Íslandi hefur félagshyggjuöflunum ekki tekist að laga sig nægilega vel að þessum nýja veruleika.

Það er lífsnauðsynlegt fyrir stjórnmalahreyfingu að hafa á bak við sig heilsteypa hugmyndafræði sem lýsir á víðtækan hátt hvers konar þjóðfélag hreyfingin leitast við að skapa. Lengst af hefur hugmyndafræði vinstrimanna í Evrópu átt rætur sínar að rekja til heimspeki Marx sem byggist á því að stjórnmal séu fyrst og fremst stéttarbaráttu. Slíkar hugmyndir áttu skiljanlega upp á pallborðið hjá mörgum í upphafi iðnbyltingar þegar stór hluti fólks vann myrkranna á milli við heilsuspillandi aðstæður fyrir smánarlaunum og lifði við ömurlega fátækt. Miklar framfarir hafa sem betur fer átt sér stað síðan þá. Nú er svo komið að kjósendur líta ekki lengur á stjórnmal sem stéttarbaráttu í eins ríku mæli og áður. Það er því löngu tímabært að félagshyggjuöflin á Íslandi endurskilgreini sig hugmyndafræðilega til þess að þau geti veitt kjósendum verðugan valkost. Ég legg til að hugmyndafræði félagshyggjuafllanna grundvallist á næstu áratugum í heimspeki Rawls í stað heimspeki Marx.

Margir hafa haldið því fram að nú þegar nánast allir hafa fallist á markaðsbúskap sem eina af grundvallarstofnunum samfélagsins séu allir flokkar orðnir miðjuflokkar. Það er vissulega rétt að allir flokkar eru miðjuflokkar hvað markaðsbúskap snertir. En það er ekki þar sem sagt að ekki sé lengur djúpstæður ágreiningur milli félagshyggjufólks og frjálshyggjufólks um það hvernig skipuleggja eigi þjóðfélagið. Í dag felst munurinn aðallega í mismunandi skoðunum manna á því hversu víðtæk afskipti ríkisvaldið þurfi að hafa af markaðsöflunum til að framkalla réttlátt þjóðfélag. Frjálshyggjufólk leggur áherslu á að réttlæti sé fólgið í víðtæku einstaklingsfrelsi sem samkvæmt því tryggir best hagkvæmni og þar með hámarksvelmegun fyrir þjóðfélagið. Félagshyggjufólk er hins vegar í mun meira mæli umhugað um jöfnuð og er almennt tilbúið að ganga lengra en frjálshyggjufólk í að nota ríkisvaldið til að hafa áhrif á tekuskiptinguna í þjóðfélaginu.

Samkvæmt Rawls er réttlæti fólgið í sanngirni. Rawls ímyndar sér frumástand þar sem einstaklingar samfélagsins velja samfélagsgerð án þess að vita neitt um stöðu sína í samfélaginu, þ.e. kyn, greind, stétt, aldur, kynþátt eða auð. Samkvæmt Rawls er sú samfélagsgerð sem yrði fyrir valinu við slíkar aðstæður sanngjörn og þar með réttlát. Sanngirnin felst í því að við val á samfélagsgerð í frumástandinu komast menn ekki hjá því að vega hlutskipti hvers og eins þjóðfélagsþegns jafnt þar sem hans hlutskipti gæti allt eins verið þeirra. Frjálshyggjufólk jafnt sem félagshyggjufólk ætti að geta fallist á að þessi skilgreining á pólitísku réttlæti er í góðu samræmi við eðlilega réttlætiskennð okkar flestra.

Megininntakið í heimspeki Rawls er hins vegar fólgið í því hvaða þjóðfélagsgerð yrði fyrir valinu við slíkar aðstæður. Hann telur að slík þjóðfélagsgerð þurfi að uppfylla tvö skilyrði. Fyrsta skilyrðið er að hver einstaklingur hafi eins víðtæk mannréttindi og mögulega samrýmast því að aðrir hafi sömu réttindi. Síðara skilyrðið er að ójöfnuður í lífskjörum sé aðeins umborinn að svo miklu leiti sem hann kemur þeim sem minnst mega sín í þjóðfélaginu til góða. Það eru þessi réttlætisskilyrði fyrir leikreglur samfélagsins og þá einkum það síðara sem ættu að geta orðið hornsteinninn í hugmyndafræði félagshyggjuflokka á næstu áratugum.

En viðbrögð þingmanna á vinstrivæng stjórnmalanna við þeirri hugmyndafræðilegu kreppu sem fylgir því að sátt hefur náðst um ágæti markaðsbúskapar hafa því miður ekki verið þau að koma sér saman um nýjan hugmyndafræðilegan grunn. Þess í stað hafa þingmenn félagshyggjuaflanna farið hver í sína áttina og gerst ötulir talsmenn einstakra málaflokka s.s. umhverfismála, spillingar eða veiðileyfagjalds. Þingmennirnir hafa með þessu gleymt því sem sameinar þá og látið ágreining um einstaka mál koma í veg fyrir að á vinstrivæng stjórnmalanna rísi stjórnmalaflokkur sem er nægilega sterkur til að ógna Sjálfstæðisflokknum.

Í flestum Evrópuríkum hefur þróunin orðið sú á síðustu árum að vinstri flokkar hafa endurnýjað baráttumál sín hvað skipulag hagkerfisins snertir. Mörgum þeirra hefur tekist það vel til að hagstjórnarstefna þeirra er nú í betri samræmi við sjónarmið nútímahagfræði en hagstjórnarstefna hægriflokkanna. Á meðan vinstriflokkar aðhylltust gamaldags sósíalisma gátu hægriflokkar leyft sér að leiðast út í öfgar á ýmsum sviðum án þess að tapa miklu fylgi. En nú þegar flestum vinstriflokkum í Evrópu hefur tekist að sameina grundvallarhugsjónir sínar um réttlæti og jöfnuð nútímalegri hagstjórnarstefnu er ástæða kjósenda fyrir að þola öfgar hægriflokkanna ekki lengur fyrir hendi. Þetta (ásamt öðru) hefur leitt til þess að vinstriflokkar hafa komist til valda í nánast öllum Evrópuríkjum. Sú virðist þó ekki ætla að verða raunin hér á landi. Það verður samt að virða félagshyggjuöflunum hér það til vorkunnar að Sjálfstæðisflokkurinn hefur gert þeim erfiðara fyrir þar sem hann hefur ekki leiðst út í jafn öfgakennda hægristefnu og til dæmis Republikanaflokkurinn í Bandaríkjunum og Íhaldsflokkurinn í Bretlandi. Það er því stærri hluti kjósenda sem ekki aðeins kys hann sem þann skásta af mörgum slæmum kostum heldur er tiltölulega sáttur við stefnumál hans.

Staða félagshyggjuaflanna á Íslandi er veikari en hún hefur verið um langt árabíl. Nánast útilokað er að ímynda sér að nokkur félagshyggjuflokkur taki þátt í ríkisstjórn á næsta kjörtímabili. Þessu veldur sundrung vinstriflokkanna. En sundrungin er bein afleiðing af því að hin ýmsu flokkabrot á vinstri vængnum virðast ekki sjá skóginn fyrir trjánnum. Fullkomna samstöðu um hvert einasta mál þarf ekki til að félagshyggjuflokkarnir geti sameinast. En það sem óneytanlega þarf er að félagshyggjufólk sameinist um heilsteypnan hugmyndafræðilegan grunn sem hægt er að hafa að leiðarljósi við úrvinnslu smærri ágreiningsefna. Heimspeki Rawls er ákjósanlegur kostur þar sem hún leggur áherslu á mannréttindi og jöfnuð á sama tíma og hún samrýmist lýðræði og markaðsbúskap.